



Ár 2013, fimmudaginn 8. ágúst, er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður aganefndar Golfsambands Íslands í málínu nr. 1/2013

**Mótsstjórni Opna ZO-ON mótsins
gegn
Sigurði Sturlu Bjarnasyni**

Þann 24. júní sl. barst aganefnd kæra frá mótsstjórni Opna ZO-ON mótsins, dags. 24. júní 2013, á hendur Sigurði Sturlu Bjarnasyni, Golfklúbbi Reykjavíkur (hér eftir nefndur kærði), vegna meints agabrots í mótinu sem fram fór á Hvaleyrarvelli hjá Golfklúbbnum Keili þann 15. júní sl. Í kæru er kærða gefið að sök alvarlegt brot á siðareglum þegar hann skilaði of lágu skori á þremur holum vallarins eftir að ritari hans hafði undirritað skorkortið. Þess er kraftist að kærði verði beittur þeim viðurlögum sem nefndinni er heimilt að beita skv. 12. gr. reglugerðar um aganefnd GSÍ.

Á fundi aganefndar þann 4. júlí sl. var kæran tekin fyrir og afstaða tekin til hugsanlegra formgalla á henni. Að mati nefndarinnar voru engir formgallar á kærunni sem gætu valdið frávísun hennar. Af þeim sökum ákvað aganefnd að taka kæruna til efnislegrar meðferðar og var kærða send kæran ásamt fylgigönum og skorað á hann að halda uppi vörnum í málínu innan sjö daga frá dagsetningu bréfsins, sbr. 8. gr. reglugerðar um aganefnd. Greinargerð kæraða barst aganefnd þann 10. júlí. Í greinargerð sinni lýsti kærði því yfir að hann hefði gerst sekur um góleysi við skil á skorkorti sínu í mótinu. Þótt það sé ekki orðað með berum hætti í greinargerð kæraða, kýs aganefnd að leggja þann skilning í greinargerðina að kærði krefjist þess aðallega að vera ekki beittur viðurlögum vegna meints brots síns en til vara að hann verði láttinn sæta vægustu viðurlögum sem völ er á.

Aganefnd taldi ekki ástæðu til að boða kærða á fund sinn þar sem nefndin taldi málsatvik og málsástæður kæraða í ljós leidd með fyrirliggjandi gögnum.

I. Málavextir

Málsatvik eru óumdeild í málínu en þau voru með þeim hætti að kærði lék ásamt þremur öðrum kylfingum í ráshópi, þeim Arnari Frey Jónssyni, Benedikt Sveinssyni og Sigurbergi Sveinssyni, sem jafnframt var ritari kærða á hringnum. Að loknum hringnum afhenti Sigurbergur kærða skorkort þess síðarnefnda. Sigurbergur hafði ekki skráð skor á kortið og var kortið því óútfyllt, að frátalinni undirritun Sigurbergs. Kærði fyllti því sjálfur inn tölurnar fyrir hverja holu og hafði til hliðsjónar upplýsingar um eigið skor á skorkorti Arnars Freys Jónssonar, en kærði hafði verið ritari Arnars Freys og skráð sitt eigið skor til hliðar á kortinu.

Á 1. holu ritaði kærði skorið fimm, á 8. holu ritaði kærði skorið fjóra, á 11. holu ritaði kærði skorið fjóra og á 15. holu ritaði kærði skorið fimm. Samtals lék kærði hringinn á 72 höggum, samkvæmt skorkortinu sem hann skilaði inn til mótsstjórnar. Síðar sama dag höfðu þeir Sigurbergur og Benedikt samband við mótsstjórni og tilkynntu um hið ranga skor. Nefndu þeir

sérstaklega að kærði hefði leikið 8. holuna á fimm höggum í stað fjögurra, 11. holuna á fimm eða sex höggum í stað fjögurra og 15. holuna á sjö höggum í stað fimm. Þeir tóku það sérstaklega fram að kærði hefði slegið upphafshögg sitt á 15. holu út fyrir vallarmörk og því slegið þriðja högg af teig, sem á endanum leiddi til skramba.

Í tilefni af þessari ábendingu hringdi dómari mótsins í Arnar Frey, sem staðfesti frásögn þeirra Benedikts og Sigurbergs. Þar að auki taldi Arnar Freyr að kærði hefði leikið 1. holuna á sex höggum en ekki fimm, eins og ritað hafði verið á skorkortið.

Í kjölfar þessa hringdi dómari mótsins í kærða og tilkynnti honum um þær athugasemdir sem hefðu borist varðandi skor kærða. Kærði viðurkenndi fyrir dómarar að skor á 8., 11. og 15. holu væri rangt á skorkortinu og gerði hann sér grein fyrir því að honum yrði vísað úr mótinu.

Í greinargerð sinni til aganefndar hefur kærði viðurkennt að hafa fært inn rangt og of lágt skor á 1., 8., 11. og 15. holu vallarins. Kærði fullyrðir að hann hafi gert þetta af gáleysi og það hafi ekki verið ásetningur að skila inn of lágu skori. Hann hafi verið illa fyrir kallaður þennan dag vegna veikinda dagana á undan, auk þess sem hann hafi verið í uppnámi vegna hegðunar ritara síns, sem ekki hafi haft fyrir því að fylla út skorkort kærða. Þessu til viðbótar nefnir kærði að hann hafi ekki gefið skorkortinu mikinn gaum, þar sem hann taldi ljóst að skorið myndi ekki hafa nein áhrif á úrslit mótsins.

II. Forsendur og niðurstaða

Kærði hefur í málinu viðurkennt að hafa fært sjálfur inn skor á skorkort sitt eftir að ritari hans undirritaði það og áður en því var skilað inn til mótsstjórnar. Kærði hefur einnig viðurkennt að hafa fært inn of lágt skor á fjórar holur af átján. Kærði hefur hins vegar haldið því fram að þetta hafi verið gert af gáleysi og að ekki hafi staðið til að skila inn röngu skori. Að mati aganefndar eru þær skýringar sem kærði hefur gefið fyrir háttseminni ótrúverðugar. Aganefnd fellst ekki á að kærði hafi af gáleysi skráð rangt skor á fjórum holum og í öllum tilvikum hafi hið skráða skor verið of lágt. Þá telur aganefnd það ótrúverðugt að kærði, sem var með skráða 4,1 í forgjöf á mótsdegi, hafi ekki veitt því sérstaka athygli að hann lék völlinn á einu höggi yfir pari. Það hefði haft forgjafarlækkun í för með sér fyrir kærða.

Að mati aganefndar reyndi kærði með háttsemi sinni að hafa rangt við í golfmótinu með óheiðarlegum hætti. Golfíþróttin er að mestu leikin án eftirlits dómarar og byggist leikurinn því að verulegu leyti á réttsýni kylfingsins. Þann ásetning sem kærði sýndi af sér lítur aganefnd alvarlegum augum enda hvílir jafnframt sú grundvallarskylda á kylfingum að koma ávallt heiðarlega og drengilega fram við keppinauta sína og aðstandendur golfmóta. Með framkomu sinni braut kærði því gegn 1. kafla golfreglna R&A, keppnisskilmálum mótanefndar GSÍ auk 10. gr. móta- og keppendareglina GSÍ og 14. gr. móta- og keppendareglina Íþróttatoga og Ólympíusambands Íslands.

Að öllu framangreindu virtu telur aganefnd að kærði hafi gerst sekur um alvarlegt agabrot þegar hann skráði of lágt skor á skorkort sitt í mótinu eftir að ritari hans hafði undirritað skorkortið. Að mati aganefndar eru viðurlög hæfilega ákveðin leikbann í 12 mánuði frá dagsetningu úrskurðar þessa.

III. Úrskurður

Kærði skal sæta leikbanni í 12 mánuði frá dagsetningu úrskurðar þessa að telja.

Reykjavík, 8. ágúst 2013

f.h. aganefndar

Haukur Örn Birgisson

Haukur Örn Birgisson

Jónatan Ólafsson

Jónatan Ólafsson

Sigurður Geirsson

Sigurður Geirsson